



Starfsáætlun 2022-2023

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar Leikskólinn Vallarsel 2022-2023

Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendum þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Starfsáætlun 2022-2023

Efnisyfirlit

1. Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári	3
Skólaárið 2021-2022.....	3
2. Áherslur í starfi leikskólans	5
2.1 Áherslur leikskólans næsta starfsárs	5
Áætlaðir skipulags dagar skólaársins 2022-2023.....	5
3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
4. Aðrar upplýsingar	6
4.1 Barnahópurinn 1. júní	6
4.2 Foreldrasamvinna	6
4.3 Samstarf leik- og grunnskóla	7
4.3.1 Brúum bilið	7
4.4 Samstarf leikskólastjóra	7
4.5 Samstarf sérkennslustjóra	7
4.6 Almennar upplýsingar	7
4.7 Samstarf leikskólanna	7
5. Starfsmannamál.....	7
5.1 Starfsmannahópurinn 1. Maí.....	7
5.2 Starfsþróunarsamtöl.....	7
5.3 Símenntun frá síðasta ári	8
6. Að lokum	8

Starfsáætlun 2022-2023

1. Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni fer fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir. Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári. Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári

Skólaárið 2021-2022.

Skólastarf s.l. skólaárs var eins og árið áður mjög óhefðbundið, þar sem Covid-19 faraldurinn hélt áfram að setja mark sitt á það. Stjórnendur og starfsfólk lagði sitt af mörkum til að halda úti sem eðlilegasta skólastarfi og tókst það með ágætum þrátt fyrir ýmsar takmarkanir.

Mesta skerðingin sem varð á þessum tíma snerti helst þá foreldrasamstarf og alla viðburði. Á haust- og vorönn voru engir viðburðir fyrir foreldra en með útsjónarsemi og stafrænni tækni var hægt að sýna foreldrunum afrakstur haustsins. Á elstu deild voru haldnir tvennir tónleikar. Einir í október tengdum vökudögum og aðrir tengdir útskrift. Þessir tónleikar voru háðir fjöldatakmörkunum tengdum covid.

Foreldrum verður seint fullþakkaður skilningur og samstaða sem allir þurftu á að halda þennan tíma.

Starfsáætlun 2022-2023

En það besta var að þegar þessum takmörkunum lauk var eins og börnin höfðu, flest öll, farið bara í stutt frí. Svo vel gekk að byrja aftur.

Öllu deildarstarfi er alfarið stjórnað af deildarstjórum þar sem tónlistin er alltaf í forgrunni ásamt mörgum öðrum þáttum sem búnir eru að vera í föstum skorðum í langan tíma.

Á skólaárinu var áfram unnið með að þróa fjölmeninguna, Lubba og MÍÓ skimunarefnið og vináttuverkefni Barnaheilla með Blæ í öllu okkar starfi. Brúum bilið samstarfið litaðist af Covid-19. Það var skólaheimsókn að hausti og vori í Grundaskóla. Vegna loftgæðavandamála og buna var engin skólaheimsókn í Brekkubæjarskóla.

Loftgæðavandi gerði vart við sig. Framkvæmdir fóru af stað og þeim er ekki enn lokið þegar þetta er skrifað. Verkís-verkfræðistofa gerði mjög vel ígrundaða skýrslu sem unnið er eftir. Loftgæðavandinn er í nánast öllum rýmum leikskólans, misjafnt þó milli deilda en þetta þýðir að framkvæmdir teygjast eitthvað fram á næsta vor. Þá eru einnig gert ráð fyrir töluverðum framkvæmdum utanhúss og ekki er enn komið í ljós hvenær þeim lýkur. Umsjónarmaður fasteigna heldur utan um þessa framkvæmd en upplýsir og tekur ákvarðanir í samráði við forstöðumann.

Þetta ástand hefur orðið til þess að deildar hafa þurft að flytja sig á milli, bæði til lengri tíma og styttri. Þá hefur ein deild verið í salnum frá upphafi framkvæmda. Sú tilhögum hefur þýtt að tónlistarkennsla og hreyfing hefur þurft að taka breytingum. Tónlist hefur verið unnin inn á deildum með breyttu sniði og hreyfing hefur færst út úr leikskólanum. Deildar hafa verið duglega að nýta göngutúra og vettvangsferðir til hreyfingar.

Á síðastliðnu skólaári var tekið upp nýtt skráningarkerfi, Vala, sem hefur reynst vel. Þá var einnig tekið upp nýtt tímaskráningarkerfi fyrir starfsmenn sem heitir Vinnustund. Mikill munur er á að vera með kerfi sem heldur utan um gjöld og viðveru barna. Þá er kerfið einnig gott varðandi innritanir í leikskóla Akraneskaupsstaðar.

Í aðlögun að hausti voru mun yngri börn tekinn inn en hefur verið gert áður og gekk það ágætlega. Mestu kannski skiptir í því að skólastjóri fór fram á, eftir beiðni starfsmanna, að ekki yrðu sett eins mörg börn og alltaf hefur tíðkast og munaði það mjög miklu. Eftir reynslu ársins á undan er ekki forsvaranlegt, hvorki fyrir börnin eða starfsmenn, að gera það.

Starfsmannamál voru í ágætis jafnvægi en skólinn og fagstéttin er farin að finna fyrir að ekki er endurnýjun í kennarahópnum. Starfsmannahópurinn eldist og það fer að koma að töluverðri endurnýjun. Nú er gengin í gildi breytingin á leyfisbréfi kennara og á eftir að koma reynsla á það. Fjarverur vegna veikinda, covid og styttingar vinnuvikunnar tóku mikinn toll af starfseminni síðastliðinn vetur.

Breytingar urðu á stjórn leikskólans þegar Brynhildur Björg Jónsdóttir lét af störfum. Björg hafði starfað sem leikskólastjóri við leikskólann frá 2006. Við hennar starfi tekur Vilborg Valgeirsdóttir sem hefur sinnt stjórnun í fjarveru Bjargar.

Aðstoðarleikskólastjóri verður Krístrún Matthíasdóttir. Krístrún hefur starfað lengi sem deildarstjóri við Vallarsel.

Sérkennslustjóri verður Siggerður Sigurðardóttir. Siggerður er þroskaþjálfari að mennt og hefur unnið sem sérkennslustjóri hjá leikskólum Reykjavíkur í mörg ár.

Starfsáætlun 2022-2023

Skipulagsdagar skólaársins 2021-2022.

19.september 2021
15.nóvember 2021
3.janúar 2022
9.febrúar 2022
21.apríl 2022

Það urðu þónokkrar breytingar á skipulagsdögum sökum Covid-19.

2. Áherslur í starfi leikskólans

2.1 Áherslur leikskólans næsta starfsárs

Á skólaárinu 2022-2023 verður áfram unnið með svipuðum hætti og áður. Allir fastir þættir, tónlistin og fleiri verða áfram unnir með sama sniði ásamt að áfram verður unnið að þróun nýrri þátta eins og LUBBA, MÍÓ og Vináttuverkefni Barnaheilla. Sérstök áhersla verður lögð á eflingu málþroska og þá sérstaklega eflingu orðaforða

Á s.l. skólaári átti að ljúka heildarendurskoðun á öllum okkar námskrám en það tókst ekki nema að hluta vegna þeirra aðstæðna sem við vorum að takast á við. Þeirri vinnu verður framhaldið á haustönn og mun skólinn nýta skipulagsdaga til þess.

Áætlaðir skipulagsdagar skólaársins 2022-2023.

20.september 2022
15.nóvember 2022
9.febrúar 2023
19.apríl 2023
21.apríl 2023

Námsferð starfsmanna erlendis er áætluð í apríl, því verða breytingar á skipulagsdögum á vorönn. Þeir dagar sem falla niður (2.janúar-verður opið og 18.apríl-verður opið)

3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Markmið leikskólans er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum í skólastarfinu til að auka gæði og skilvirkni í uppeldi og menntun barna og uppbygging jákvæðs skólabrags ná til allra hagsmunahópa innan skólans.

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi áætlun um innra mat þar sem viðfangsefnum er skipt niður á skólaárið.

Tímabil	Endurmat	Ábyrgð	Úrvinnsla	Þátttakendur
Ágúst	Samskiptum	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólstjóri	Allir starfsmenn
September	Deildarnámskrár uppfærðar. Námsáætlanir deilda lagðar fram. Áherslur á mál og læsi.	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Allar deildir

Starfsáætlun 2022-2023

September	Hljóm-2	Sérkennslustjóri	Sérkennslustj. og stm. með réttindi	Börn í elsta árgangi á Lundi
September	TRAS MIÓ	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri og stm. með réttidi	Börn fædd 2017.2018.2019 og fyrrihluti 2020
September	Viðhorfakönnun til foreldra yngstu barna varðandi aðlögunina	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Foreldrar barna fædd 2020 og 2021
Október/Nóvember	Foreldraviðtöl-símaviðtöl	Deildarstjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Nóvember	Starfsmannasamtöl	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Desember	Leiðbeiningar- samtöl stm.	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Allir starfsmenn
Desember	Leiðbeiningar- samtöl deildarst.	Skólastjórar	Skólastjórar	Allir deildarstjórar
Febrúar	Foreldraviðtöl að vori Þroskaviðmið rædd	Deildarstjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Feb / mars	Starfsmannakönnun-Gallup	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Mars / apríl	Líðankönnun elstu barna	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Elstu nemendur á Lundi
Apríl	Starfsmannasamtöl-örviðtöl	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Apríl / maí	Viðhorfskönnun meðal foreldra um starf elstu barna	Skólastjóri	Skólastjórar	Lundur
Maí	Sérkennsla	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Allar deildir
Maí	Mat á skipulögðu starfi skólaársins	Deildarstjórar / skólastjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Allt árið	Símat og endurskoðun skóla- og deildarnámskrá	Skólastjórar	Skólastjórar	Allir starfsmenn (og foreldrar eftir aðstæðum)

4. Aðrar upplýsingar

4.1 Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum - 136
- Kynjahlutfall - 66 stúlkur og 70 drengir
- Dvalarstundir - 1,125,5
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu - 7
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku - 24
- Fjöldi tungumála - 8

4.2 Foreldrasamvinna

Leiðarljós leikskólans eru að hafa jákvæð og hlýlegt dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi, þar sem velferð barnsins og samvinna um það á öllum sviðum sé ávallt í fyrirrúmi.

Starfsáætlun 2022-2023

Foreldrasamstarfið var óhefðbundið vegna Covid en og gekk samt vel. Foreldrafélagið starfaði mest á netinu eða í gegnum Facebook. Skólaárið 2022-2023 voru símaviðtöl við forledra í október og reiknum með að kalla foreldra inn í þroskaviðtöl í febrúar.

Í Vallarseli er hugsað mjög vel um að tryggja foreldrum, sem þess þurfa, túlk fyrir viðtöl sem það þurfa.

4.3 Samstarf leik- og grunnskóla

4.3.1 Brúum bilið

Samstarfið var endurvakið eftir tveggja ára hlé vegna Covid-19. Fyrsta skólaheimsóknin var í Brekkubæjarskóla vikuna 27.-29.september. Skólaheimsókn í Grundaskóla verður svo 11.-14.október. Í tengslum við Brúum bilið er einnig gott samstarf við íþróttahúsið við Vesturgötu en þar höfum við verið með íþróttakennslu fyrir elstu börn leikskólans.

4.4 Samstarf leikskólustjóra

Náin samvinna er á milli skóla- og frístundasviðs og leikskólans. Samráðsfundir skólustjóra allra leikskóla Akraness og sviðsstjóra sviðsins voru einu sinni í. Þá hittast skólustjórar mjög reglulega og eiga með sér samráð á öðrum tímum.

4.5 Samstarf sérkennslustjóra

Það sama má segja um sérkennslustjóra, þeir eiga með sér reglulegt samráð yfir skólaárið og við sérfræðingateymi skólaskrifstofu.

4.6 Almennar upplýsingar

Engir nemar HÍ komu í vettvangsnám á skólaárinu. Ástæðan er að við höfum ekki haft rými til að

Á skólaárinu voru 5 kennarar í námi í HÍ.

4.7 Samstarf leikskólanna

Á hverju ári er haldið Árgangamót en þá fara leikskólabörn í heimsóknir á aðra leikskóla. Hver árgangur hittist á einum leikskóla og tekur þá þátt í leik og starfi með öðrum börnum í sama árgangi. Þetta hefur verið gert í nokkur ár og hefur tekist vel.

5. Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn 1. Maí

STARFSHEITI	FJÖLDI	STARFSHLUTFALL	MENNTUN
Leikskólakennarar	12	12,60	leiksk.k.menntun
Annað háskólapróf	2	2,0	B.a í uppl.tæk og þroskabjálfi
Leiðbeinendur	14	13,25	ýmis menntun
Matráður	1	0,75	iðnmenntun
Aðstoðarfólk í eldhúsi	1	1,00	grunnskólamenntun
	1	0,35 á álagstímum	grunnskólamenntun

5.2 Starfsþróunarsamtöl

Einu sinni á ári eru starfsþróunarviðtöl. Við erum enn að vinna samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi sem gerir ráð fyrir 4 viðtölum á skólaárinu og starfsmenn teknir í snerpuviðtöl á eftir ef þarf. Ekki er búið að ákveða að fullu hvernig því verður háttað.

Starfsáætlun 2022-2023

5.3 Símenntun frá síðasta ári

2021:

- ✓ 13.september. Skólastjóri á stjórnendanámskeið hjá Akraneskaupsstað
- ✓ 15.september. Starfsmenn á námskeiði um einhverfu á Garðavöllum.
- ✓ 20.september. Skipulagsdagur. Skipulag næsta vetrar unnið á deildum. Nokkrir starfsmenn tóku þátt í vinnu varðandi Menntastefnu Akraneskaupsstaðar í Fjölbrotaskóla Vesturlands
- ✓ 12.október. Starfsmenn á fyrirlestri um Meðvirkni á vinnustað. Fyrirlesari: Sigríður Indriðadóttir.
- ✓ 29.október. Skólastjóri á netnámskeiði. Kveikjum neistann.
- ✓ 9.nóvember. Skólastjóri á netfyrirlestri um fátækt barna.
- ✓ 11.nóvember. Skólastjóri á fundi vegna Farsældarfrumvarps.
- ✓ 15.nóvember. Skipulagsdagur. Unnið á deildum.

2022:

- ✓ 3.janúar. Skipulagsdagur. Unnið að deildarnámskrám og námsáætlunum.
- ✓ 17.janúar. Fjarfundur frá SSÍ- Trúnaðarskyldur stjórnanda.
- ✓ 9.febrúar. Skipulagsdagur.
- ✓ 21.febrúar. Skólastjóri á TEAMS fyrirlestri um samskipti
- ✓ 3.febrúar. „Hvatning og starfsánægja“ skólastjórar á námskeiði hjá Endurmenntun HÍ.
- ✓ 22.febrúar. Átti að vera skipulagsdagur en verður nýttur í sumarlokun og opnun leikskólans eftir sumarleyfi. Annars vegar 8.júlí og hins vegar 9.ágúst

5.4 Áætlun um símenntun.

Eftirfarandi dagar verða nýttir fyrir starfsþróun og endurmenntun

- ✓ Starfsmannafundur 24.ágúst-Agastefna Vallarsels lögð fram-samræming viðbragða
- ✓ Skipulagsdagur 20.september- Vinnustaðagreining Gallup-deildavinna
- ✓ Starfsmannafundur 12.október.-Deildarvinna
- ✓ Skipulagsdagur 18.nóvember.-Farsældarlöggjöf og samráð við HVE-deildarvinna
- ✓ Skipulagsdagur 9.febrúar 2023-Skólamálaþing (mögulega)
- ✓ Skipulagsdagur 19.apríl 2023-Námsferð til Helsinki
- ✓ Skipulagsdagur 21.apríl 2023-Námsferð til Helsinki

6. Að lokum

Síðasta skólaár var mjög litað af Covid-19. Með frábærri samvinnu og jákvæðni sem einkenndi skólastarfið á tímum COVID tókst okkur nokkurna veginn að halda sjó. Margt fór á annan veg en búið var að ákveða og langar mig að þakka starfsfólkinu og foreldrum barna í Vallarseli fyrir skilninginn og samvinnuna.

Stytting vinnuvikunnar var, er og verður mikil áskorun og klárt að ef engar viðbætur koma inn í starfsmannahaldið þá mun það hafa afleiðingar til lengri tíma. Það að nú sé hægt að veita sömu gæði í þjónustu með lítil börn en með færra starfsfólki er ávísun á að umönnun verði skert og gæðin minni. Hafa þarf velferð og vellíðan ungra barna í öndvegi og ákvarðanir verðað vera teknar með þá þætti í huga.

Akranesi 25.nóvember, 2023

Starfsáætlun 2022-2023

Vilborg Guðný Valgeirsdóttir leikskólastjóri